

Nd.

205. Frumvarp

til laga um sóttvarnaráð.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

1. gr.

Störf þau, sem eftir sóttvarnalögum hvíla á landlækni, skulu falin sóttvarnaráði, og er landlæknir formaður þess. Auk hans eiga þar sæti 2 menn, sem lokið hafa prófi, er veitir rjett til læknaembætta hjer á landi, og skulu þeir valdir af læknadeild Háskólans til 4 ára í senn, þó þannig, að í fyrsta sinni skal annar að eins valinn til 2 ára. Endurkjósa má þann, er úr gengur. Á sama hátt skal velja 2 varamenn.

2. gr.

Borgun til landlæknis fyrir störf hans eftir lögum þessum er innifalin í embættislaunum hans, en um borgun til samverkamanna hans fer eftir reikningi, sem dómsmálaráðherra úrskurðar.

3. gr.

Í sóttvarnamálum ræður afl atkvæða, og skal sóttvarnaráðið hafa gerðabók, sem í eru skráðar ályktanir þess, en landlæknir annast framkvæmdir allar, brjefaskifti og annað, fyrir hönd þess. Með tillögu til landsstjórnarinnar um sóttvarnamál skal jafnan senda eftirrit úr gerðabók.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um störf sóttvarnaráðs, að fengnum tillögum þess.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

Greinargerð.

Háttvirt deild hefir vísað til nefndarinnar frv. til laga um heilbrigðisráð, en það hefir nefndin ekki getað aðhýlst, meðfram vegna þess, að nýafstaðinn læknafundur hefir látið það í ljósi, að hann telji ekki þörf á breytingu á landlæknisembættinu, ef landlæknir gefur sig við því óskiftan. Aftur á móti verður nefndin að telja *sóttvarnamálin* svo mikilvæg, að naumast sje rjett að fela þau nokkrum einum manni, og það því síður sem sjerstaklega virðist hætt við, að úrlausn slíkra mála valdi ágreiningi, einmitt vegna þess hversu mikilvæg þau eru og viðkvæm. Auk þess ætti að mega vænta betri úrlausnar þessara mála á þennan hátt, án þess að kostnaðarauki sje teljandi.

Þess skal getið, að einn nefndarmanna, Pjetur Ottesen, hefir eigi viljað gerast flutningsmaður þessa frumvarps.